

Fimmtudaginn 2. júní 1994.

Nr. 440/1991.

Miðnes hf.

(Valgarð Briem hrl.)

gegn

Svavari Ingibergssyni og

Gunnari Herði Garðarssyni

(Örn Clausen hrl.)

og gagnsök

Ómerking. Heimvísun. Rökstuðningur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson og Markús Sigurbjörnsson prófessor.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 1. nóvember 1991 og krefst sýknu af kröfum gagnáfrýjenda gegn greiðslu á 200.000 krónum. Þá krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur áfrýjuðu málinu til Hæstaréttar með stefnu 18. nóvember 1991. Þeir krefjast þess aðallega, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða þeim „in solidum“ 3.000.000 króna í björgunarlaun ásamt dráttarvöxtum og málskostnaði. Til vara krefjast gagnáfrýjendur lægri fjárhæðar úr hendi aðaláfrýjanda að mati Hæstaréttar auk dráttarvaxta og málskostnaðar, en til þrautavara staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti vefengdi lögmaður aðaláfrýjanda, að sameiginleg kröfugerð gagnáfrýjenda með þessum hætti fengi staðist, eins og atvikum málsins er háttað. Var í því efni skírskotað til þess, að atbeini gagnáfrýjandans Gunnars Harðar við drátt m/b Jóns Gunnlaugs hefði komið seinna til og verið með öðrum hætti en gagnáfrýjandans Svavars og þáttur hans í því að koma bátnum að bryggju bersýnilega minni. Það sé því vandséð, væri rétti til björgunarlauna á annað borð til að dreifa, að jafnræði geti verið með þeim um sókn þess réttar í dómsmáli. Að gefnu þessu tilefni lýsti lögmaður gagnáfrýjenda því yfir, að samkomulag hefði verið milli þeirra við höfðun málsins um jafna hlutdeild í

björgunarlaunum, svo og að þeirra yrði krafist sameiginlega og óskipt. Að fenginni þessari yfirlýsingu verður ekki talið, að umræddur galli á kröfugerð gagnáfrýjenda eigi að valda því, að málinu verði vísað frá héraðsdómi.

Í máli þessu er deilt um það, hvort um björgun hafi verið að ræða samkvæmt 1. mgr. 164. gr. siglingalaga nr. 34/1985, er gagnáfrýjendur hjálpuðust að á bátum sínum, Sóleyju KE 15 og Kristjáni KE 21, hvor við annan mann, að draga m/b Jón Gunnlaugs GK 444 að bryggju í Sandgerði árla morguns sunnudaginn 23. apríl 1989, svo sem lýst er í hinum áfrýjaða dómi.

Í V. kafla dómsins er ályktað, að um björgun hafi verið að ræða og m/b Jón Gunnlaugs hefði ekki komist að bryggju fyrir eigin vélaraflí. Þessar ályktanir eru engum rökum studdar, og er því alveg á huldu, á hvaða forsendum þær eru byggðar. Eins og atvikum er háttað í málinu og ágreiningi málsaðila, bar brýna nauðsyn til, að niðurstöður héraðsdóms um þessi álitafni væru skilmerkilega rökstuddar. Er þá meðal annars haft í huga, að ekkert er þar fjallað um aðstæður á vettvangi, svo sem veður, sjólag og sjávarföll.

Vegna þessa megingalla á hinum áfrýjaða dómi verður ekki hjá því komist að ómerkja hann og meðferð málsins frá og með munnlegum málflutningi 26. september 1991 og leggja fyrir Héraðsdóm Reykjaness að taka málið upp til löglegrar meðferðar og uppsögu dóms að nýju.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar frá og með munnlegum málflutningi 26. september 1991 og uppsögu dóms að nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur aukadómpings Gullbringusýslu 30. september 1991.

I.

Mál þetta, sem er höfðað með stefnu, þingfestri 8. maí 1991, var dómtekið 26. september sl. að loknum munnlegum flutningi þess.

Stefnendur eru Svavar Ingibergsson, kt. 060229-4499, Túngötu 6, Sandgerði, og Gunnar Hörður Garðarsson, kt. 240322-3539, Melbraut 9, Garði.

Stefndi er Miðnes hf., Sandgerði, kt. 460269-1649, og jafnframt er Trygg-ingamiðstöðinni hf., Aðalstræti 6, Reykjavík, kt. 660269-2079, stefnt til réttargæslu.

Dómkröfur stefnenda eru þær, að stefndi verði dæmdur til greiðslu björgunarlauna, að fjárhæð kr. 3.000.000, auk dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 23. apríl 1989 til greiðsludags og málskostnaðar svo og dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga af málskostnaði.

Til vara er krafist annarrar og lægri fjárhæðar að mati dómsins auk vaxta og kostnaðar, svo sem að ofan greinir.

Dómkröfur stefnda eru, að hann verði sýknaður af kröfum stefnenda að því leyti, sem þær nema hærri fjárhæð en 200.000 krónum (sem réttargæslustefndi hefur lýst sig reiðubúinn að greiða stefnendum fyrir vinnu þeirra vegna atviks þess, er mál þetta snýst um). Þá er krafist málskostnaðar að mati réttarins stefnda til handa.

II.

Upp úr kl. 6 sunnudaginn 23. apríl 1991 fór stefnandinn Svavar Ingibergsson í róður frá Sandgerði í 11 brúttólesta trébát sínum, Sóleyju KE 15. Gola var af norðaustri og ládaunt að sögn Svavars. Með honum í för var sonur hans, Reinhard. Er komið var út úr hafnarmynninu, sáu þeir m/b Jón Gunnlaugs GK 444, yfirbyggt stálskip, 105 brúttórúmllestir, eign stefnda. Skipið lá með bakborðshlið, stefni í NV, utan í Graseyri, sem liggur í stefnu norður-suður um 500–600 metra vestur frá Sandgerðishöfn. Nærri var alfallið að og eyrin á kafi en hún kemur upp úr á háfjöru og eru grynningar út frá henni. Sóleyju var siglt varlega að skipinu. Enginn var sjáanlegur um borð og kalli í talstöð var ekki svarað. Fram af skipinu lágu tvær taugar, sem reyndust vera lausar. Reinhard náði þá að klifra um borð í m/b Jón Gunnlaugs og setja taug milli hans og Sóleyjar.

Vel gekk að komast af stað. Var skipið laust, er togað var í það, og Reinhard, sem var áfram um borð í því, hefur borið að hann hafi ekki heyrt að það tæki botn. Drátturinn gekk erfiðlega vegna þess að stýri m/b Jóns Gunnlaugs var fast í annað borðið og stýrishúsið var læst. Er komið var nálægt hafnarmynninu, kom Kristján KE 21, 6,89 rúmlesta plastbátur, út úr höfninni á leið í róður og skipstjóri og eigandi bátsins, stefnandinn Gunnar Hörður Garðarsson, varð þegar við beiðni um aðstoð. Með honum um borð var sonur hans, Kristján. Þeir feðgar settu taug úr Kristjáni í Sóleyju, sem eftir það gekk betur við að draga m/b Jón Gunnlaugs. Kristján lenti með bakborðssíðu utan í hafnargarðinum og mun hafa laskast lítillga og

einnig munu hafa orðið smávægilegar skemmdir á línurennu Sóleyjar. Tókst bátunum með því að „damla í hægðum“ að koma skipinu að bryggju. Klukkan var þá um eða rétt rúmlega 8. Ekki hefur komið fram að skemmdir hafi orðið á m/b Jóni Gunnlaugs.

Svavar Ingibergsson hefur borið, að hann hafi ekki vitað hver var skipstjóri m/b Jóns Gunnlaugs GK 444, ekki hafi verið gott að ná til manna svo árla sunnudagsmorguns og hefði skipið ekki náðst út á því flóði, hefði hann ekki gripið til sinna ráða, sem lýst hefur verið hér að framan.

Stefnendur kröfðu stefnda um björgunarlaun, að fjárhæð kr. 3.000.000 með bréfi, dags. 24. apríl 1990. Stefndi vísaði erindinu til réttargæslustefnda sem svaraði kröfubréfinu með bréfi, dags. 17. maí 1990, þar sem boðnar voru kr. 200.000 sem fullnaðargreiðsla.

III.

A.

Stefnendur reisa kröfu til björgunarlauna á því að þeir hafi lagt sig og báta sína í hættu til að bjarga m/b Jóni Gunnlaugs GK 444, sem hafi verið strandaður og mannlau á stað þar sem erfitt var að athafna sig, þar sem dýpi var svo lítið að einungis litlir bátar gátu athafnað sig við björgun og nánast háflóð þegar tókst að koma taug í skipið. Smávægileg töf hefði getað valdið því að fjarað hefði undan skipinu og óvíst hvernig hefði farið, hefði skipið lagst á hliðina sem mikil hætta hafi verið á. Þá hafi bátar þeirra orðið fyrir nokkrum skemmdum eftir að þeir höfðu rekist á grjótagarð í höfninni svo og á grjót á eyrinni.

Stefnendur vísa til ákvæða 164. gr. og 165. gr. siglingalaga nr. 34/1985 til stuðnings kröfu þeirra, sem að fjárhæð styðjist við dómvenju um hlutfall af tryggingarfjárhæð, en húftrygging hins bjargaða skips hjá réttargæslustefnda hafi við björgun numið kr. 60.900.000.

B.

Stefndi mótmælir því ekki að stefnendum beri einhver greiðsla fyrir verk þeirra, en um björgun hafi ekki verið að ræða í skilningi siglingalaga. Fram kominni bótakröfu er hins vegar mótmælt sem allt of hárri, enda sé hún viðsfjarri því sem eðlilegt geti talist fyrir umrætt verk.

Stefndi hefur lagt áherslu á, að stefnendur hafi tekið það upp hjá sjálfum sér að framkvæma umrætt verk. Hér sé því um óbeðinn erindrekestur að ræða og beri að hafa það í huga við ákvörðun greiðslu.

Þá hefur stefndi bent á að auðveldlega hefði mátt ræsa út skipverja af m/b Jóni Gunnlaugs og hefðu þeir þá, að mati stefnda, getað komið bátnum inn af eigin rammleik.

Stefndi telur að eftirfarandi beri að hafa í huga við ákvörðun greiðslu:

Í fyrsta lagi, að m/b Jón Gunnlaugs hafi ekki verið í neinni hættu, engar skemmdir hafi orðið og ekki líkur fyrir því að þær yrðu þótt skipið hefði ekki verið tekið fyrir en síðar.

Í öðru lagi hafi verið blíðuveður í umrætt sinn og öll fyrirhöfn í lágmarki.

Í þriðja lagi hafi stefnendur ekki lagt sig í neina hættu eða sýnt fram á að þeir hafi orðið fyrir neinu tjóni.

Vaxtakröfu stefnenda er mótmælt, og telur stefndi, að krafa um dráttarvexti frá „tjónsdegi“ eigi ekki stoð í lögum.

IV.

Samkvæmt vottorði Veðurstofu Íslands um veður á Reykjanesvita og Keflavíkurflugvelli 23.–24. apríl 1989 voru kl. 9 þ. 23. apríl NNA 2 vindstig og sjólítið við Reykjanesvita og N 4 vindstig á Keflavíkurflugvelli. Þessa tvo daga héldust norð- og austlægur áttir, 1–3 vindstig, á veðurathugunarstöðunum og sjólítið við Reykjanesvita.

Samkvæmt flóðtöflum (m.a. í Almanaki Hins íslenska þjóðvinafélags) var háflæði umræddan morgun í Sandgerði kl. 7.20. Stærstur straumur hafði verið 21. apríl og munur flóðs og fjöru þá um 3,93 metrar. Sjávarhæð 23. apríl 1989 kl. 7.20 var um 3,4 metrar, kl. 13.27 um 0,6 metrar og kl. 19.37 um 3,6 metrar.

Dómendur, lögmenn og stefnendur fóru á vettvang og kynntu sér aðstæður við hagstæð skilyrði kl. um 13.30 þ. 26. þ.m. Á strandstað er næsta flöt grjóteyri og grjót að mestu leyti fast og þangi vaxið. Ekki er um að ræða stórgryti, en þó allstórir steinar innan um.

V.

Niðurstaða máls þessa er reist á því að stefnendur hafi bjargað m/b Jóni Gunnlaugs GK 444 úr hættu og að þeir eigi rétt til björgunarlauna samkvæmt 1. gr. 164. gr. siglingalaga nr. 34/1985.

Skipið þykir þó ekki hafa verið statt í yfirvofandi hættu, þótt það verði eigi talið hafa getað komist til hafnar fyrir eigin vélarafli, og skal því við ákvörðun björgunarlauna gætt þeirra atriða, sem greinir í 1. mgr. i.f., stafl. a.–d., 165. gr. siglingalaganna.

Réttur stefnenda til björgunarlauna skerðist ekki við það að þeir veittu hjálpinu óbeðnir, enda voru skilyrði fyrir lögmætum, óbeðnum erindrekstri fyrir hendi.

Dæma ber stefnda til að greiða stefnendum kr. 1.100.000 ásamt vöxtum í samræmi við dómvenju frá björgunardegi, 23. apríl 1989, til greiðsludags. Þykir, eins og hér háttar, hæfilegt að ákveða vexti samkvæmt 5. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 1. gr. laga nr. 67/1989, til 15. dags eftir dómsuppsögu, en dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá þeim degi. Þá ber að

dæma stefnda til að greiða stefnendum málskostnað, kr. 220.000, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Dóminn kveða upp Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari og samdómendurnir Ingólfur Falsson og Jóhann Pétursson, fyrrum skipstjórar.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Miðnes hf., greiði stefnendum, Svavari Ingibergssyni og Gunnari Herði Garðarssyni, kr. 1.100.000 ásamt vöxtum samkvæmt 5. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 1. gr. laga nr. 67/1989, frá 23. apríl 1989 til 15. dags eftir dómsuppsögu en dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnendum málskostnað, kr. 220.000, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.
